

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 197/2024

2024/EES/92/16

frá 23. september 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1342 frá 21. maí 2024 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir deltametrín, metalaxýl, þíabendasól og trifloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90314, 24.5.2024.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður og matvæli. Ákvæði löggjafar um föður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32024 R 1342:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1342 frá 21. maí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1342, 22.5.2024), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90314, 24.5.2024.“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32024 R 1342:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1342 frá 21. maí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1342, 22.5.2024), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90314, 24.5.2024.“

3. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2024/1342, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L, 2024/90314, 24.5.2024, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtið. ESB L, 2024/1342, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1342/oj>.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður